

# ÖRNEFNANEFND

Mál 2/2025

Örnefnanefnd  
Arngrímsgötu 5, 107 Reykjavík  
Örnefnanefnd.is, [ornefnanefnd@hi.is](mailto:ornefnanefnd@hi.is)

Byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar  
Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
[upplýsingar@reykjavik.is](mailto:upplýsingar@reykjavik.is)

Reykjavík, 18. febrúar 2025

## Efni: Úrskurður örnefnanefndar um götuheitið *Fífilsgata*

### Lög, reglugerðir og málsmeðferð

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um skráningu staðfanga, nr. 577/2017, bera sveitarfélög ábyrgð á því að annast nafngiftir og skrá staðföng innan staðarmarka sveitarfélaga. Í 2. gr. sömu reglugerðar kemur fram að staðföng eru tegund örnefnis og í 12. gr. hennar segir að nöfn staðvísa skuli ákveðin í samræmi við lög um örnefni.

Í 12. gr. reglugerðarinnar er ákvæði þess efnis að ekki skuli nota samhljóða eða lík heiti staðvísa innan hverfis. Þar er einnig nánari lýsing á því hvenær heiti teljast vera of lík. Það er ef munur kemur aðeins fram í:

- stafsetningu en heyrir ekki í framburði,
- ólíkri fallbeygingu sömu orða,
- eintölu-/fleirtölumynd,
- bili, bandstriki, há-/lág-/tölustöfum eða öðru slíku.

Í 1. gr. laga um örnefni, nr. 22/2015, er fjallað um markmið þeirra. Þau eru:

- að stuðla að verndun örnefna og nafngiftahefða í landinu sem hluta af íslenskum menningararfi og tryggja að honum verði viðhaldið handa komandi kynslóðum,
- að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði og íslenska málvenju,

# ÖRNEFNANEFND

- c. að ný örnefni séu í samræmi við staðhætti og örnefnahefð,
- d. að samræma stjórnarsýslu við skráningu örnefna þannig að ferli nafngifta sé opið, gagnsætt og skilvirkt.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um örnefni segir m.a. eftirfarandi í athugasemdum við 1. gr. þeirra:

Jafnframt er markmiðið að ný örnefni séu í samræmi við staðhætti og örnefnahefð á viðkomandi svæði og að auðvelt sé að nota þau í almennum samræðum og þjónustu. Einnig er leitast við að koma í veg fyrir að sama nafn komi fyrir innan hverfis, þ.e. hrepps eða sambærilegrar einingar í dreifbýli, eða bæja- eða þéttbýlissvæðis. Sama er að segja um svo lík nöfn að hætta geti verið á ruglingi. Dæmi um keimlík götunöfn sem geta valdið ruglingi eru annars vegar Brattakinn og Bjartakinn og hins vegar Lyngháls og Lyngás. Enn fremur er markmið frumvarpsins að skýra og samræma stjórnarsýslu við skráningu örnefnis, þannig að ferli nafngifta sé opið, gagnsætt og skilvirkt. Af þessu leiðir að auðvelt verður að nota örnefni til staðarvísunar, svo sem í öryggisskyni.

Opinber örnefnanefnd starfar samkvæmt fyrrnefndum lögum um örnefni. Fjallað er um hlutverk nefndarinnar í 4. gr. laganna. Þar segir í b.-lið 2. mgr. að örnefnanefnd hafi m.a. það hlutverk

að úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað það nafn sem notað er til skráningar á staðfangi hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar.

Jafnframt segir í 3. mgr. 4. gr. að örnefnanefnd sé heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði. Um málsmeðferð örnefnanefndar segir í 2. mgr. 5. gr. laganna að

hafni örnefnanefnd tillögu að nafngift ber henni að senda aðila máls rökstuðning og eftir atvikum tillögu að mögulegri málamiðlun. Aðili máls skal innan átta vikna bregðast við ákvörðun örnefnanefndar en að öðrum kosti úrskurðar nefndin um nýtt nafn.

Í 4. mgr. 5. gr. er kveðið á um að úrlausnir örnefnanefndar samkvæmt lögum um örnefni séu endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kærnanlegar til ráðherra.

## Málsatvik

Í lögum um örnefni, nr. 22/2015, og lögum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006, með síðari breytingum, er kveðið á um að stofnunin sé til ráðgjafar fyrir almenning og stofnanir um m.a. nýjar nafngiftir. Hinn 9. ágúst 2022 sendi fulltrúi stofnunarinnar Reykjavíkurborg ábendingu um að heitið *Fífilsgata* væri of líkt götuheitinu *Vífilsgata* sem fyrir er í Reykjavík, en komið hafði fram í fjölmiðlum

## ÖRNEFNANEFND

Laugavegur 13, ÍS-101 Reykjavík  
Sími 525-4432 • Netfang ornefnanefnd@hi.is

# ÖRNEFNANEFND

að sveitarfélagið hyggðist nota sem nýtt götuheiti í nágrenni nýs Landspítala. Þar sem ekki barst svar við erindinu var það ítrekað 13. mars 2023. Því var ekki svarað og enn var erindið ítrekað 14. maí 2024 án þess að svar bærisk. Á grundvelli heimildar í 3. mgr. 4. gr. laga um örnefni ákvað örnefnanefnd á fundi 13. febrúar 2025 að taka málið upp að eigin frumkvæði. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur nafnið *Fífilsgata* ekki verið skráð í opinbera staðfangaskrá enn sem komið er en ekkert hefur þó komið fram um að áætlanir sveitarfélagsins í því sambandi hafi breyst. Augljóst hagræði er að því fyrir aðila málsins að athugasemdir örnefnanefndar um einstök örnefni komi fram eins snemma í nafngiftaferlinu og kostur er.

## Niðurstaða

Örnefni gegna lykilhlutverki við rötun í dreifbýli sem og þéttbýli. Ríkir samfélagslegir hagsmunir standa til þess að unnt sé að rata um landið með sem einföldustum hætti. Samnefni og of lík örnefni valda erfiðleikum við rötun og þannig augljósu óhagræði fyrir almenning, fyrirtæki og stofnanir. Alvarlegast í þessu efni eru neikvæð áhrif á viðbragð við neyðartilvikum, rötun sjúkrabíla, slökkviliðs og lögreglu. Þess vegna er brýnt af öryggisástæðum að forðast samnefni og of lík nöfn innan sama svæðis.

Í framburði munar því einu á nöfnunum *Fífilsgata* og *Vífilsgata* að upphafshljóð í *Fífilsgata* er óraddað en í *Vífilsgata* er það raddað. Myndunarstaður og -háttur hljóðanna er að öðru leyti eins. Örnefnanefnd álitur ótvírætt að þessi munur sé svo lítill að mikil hætta sé á ruglingi, sér í lagi þegar talað er í síma. Af þeim sökum er nýnefnið *Fífilsgata* til þess fallið að skapa óhagræði og hættu fyrir íbúa *Vífilsgötu* sem og þá sem hverju sinni eru staddir á þessum götum.

Samkvæmt skiptingu Reykjavíkurborgar í hverfi er *Vífilsgata* í Hlíðum en fyrirhugað mun að nefna götu í Miðborg *Fífilsgötu*. Í fyrrnefndri reglugerð um skráningu staðfanga segir að ekki skuli nota samhljóða eða lík heiti staðvísa *innan hverfis*. Mikilvægt er þó að taka fram að örnefnanefnd telur að markmið reglugerðarinnar um að tryggja einkvæmni staðvísa á tilteknu svæði geti ekki einungis átt við um hverfi innan sama þéttbýlissvæðis. Því telur nefndin einu gilda þótt staðvísirinn *Fífilsgata* verði í öðru hverfi Reykjavíkurborgar en *Vífilsgata*. Hann telst óheimill engu síður. Í þessu sambandi er vísað í áður tilvitnaða athugasemd við 1. gr. laga um örnefni í greinargerð með frumvarpi til laganna þar sem fram kemur að forðast skuli samnefni eða of lík nöfn á sama þéttbýlissvæði.

## Úrskurðarorð

Á grundvelli fyrrgreindra öryggishagsmuna kveður örnefnanefnd upp þann úrskurð að sveitarfélaginu Reykjavíkurborg skuli óheimilt að nefna götu í Reykjavík *Fífilsgötu*. Líkt og fyrr segir heitið *Fífilsgata* ekki verið skráð í opinbera staðfangaskrá samkvæmt upplýsingum örnefnanefndar. Af þeim sökum er í máli þessu ekki talin

## ÖRNEFNANEFND

Laugavegur 13, ÍS-101 Reykjavík  
Sími 525-4432 • Netfang ornefnanefnd@hi.is

# ÖRNEFNANEFND

ástæða til veita sveitarfélaginu ákveðinn frest til að bregast við ákvörðun örnefnanefndar.

Virðingarfyllst,  
f.h. örnefnanefndar

---

Einar Sveinbjörnsson, formaður

Afrit:

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  
Hafnarstræti 107  
600 Akureyri  
[hms@hms.is](mailto:hms@hms.is)

Menningar- og viðskiptaráðuneyti  
Hafnarstræti 5  
101 Reykjavík  
[mvf@mvf.is](mailto:mvf@mvf.is)